

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík, 19.10.2022
UST202205-360/G.S.O.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 6. september 2022 þar sem fram kom að eitt frávik hefði verið skráð í eftirliti stofnunarinnar í urðunarstað Skútustaðahrepps í Kollóttuöldu. Þann 19. október barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Á urðunarstaðnum má einungis taka á móti og urða óvirkan úrgang. Óheimilt er að geyma úrgang, nema ómengaðan jarðveg sem nýttur er til frágangs, á urðunarstaðnum. Við eftirlit var malbik á urðunarstaðnum, en það telst ekki óvirkur úrgangur. **Samkvæmt úrbótaáætlun er áformað að óleyfilegum úrgangi hafi verið komið fyrir á leyfilegum urðunarstað í maí 2023.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur